Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Í samantekt þessari má sjá samantekt um nokkra fasta punkta í starfi skólans. Ber þar helst að nefna ferðalög og árshátíðir sem alltaf eru nokkuð spennandi og fylgir tilhlökkun þeim undirbúningi. Hér má einnig finna yfirlit annars daglegs starfs sem hefur áhrif á daglegt skólastarf án þess að vera endilega alltaf mikið til umræðu. Í þessum köflum sem má segja að séu leiftur af starfi vetrarins er minnst á það sem vel heppnaðist og það sem betur mætti fara. Fyrst og fremst eru þetta þó upplýsingar um starfið. Samantekt um það sem betur mætti fara og leiðir að því marki má finna í sjálfsmatsskýrslu og svo í umbótaáætlun.

Trostan Agnarsson

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Árshátíð yngsta og miðstigs Varmahlíðarskóla

Árshátíð yngsta og miðstigs fór fram í Menningarhúsinu Miðgarði síðasta vetrardag. Leikritið Abbababb var sett á stokk en það er eftir Gunnar Lárus Hjálmarsson, betur þekktan sem Dr. Gunni.
Nemendur frá 1.- 7. bekk tóku þátt í uppsetningunni og var æfingaferlið afar skemmtilegt þar sem nemendur fengu tækifæri til að semja dansa við lögin, leika hunda og túrista, vera smábarn í bleyju og fá tilfinningu fyrir því hvernig er að vera hrekkjusvín (sem þau mæla ekki með).
Nemendur í 1. - 3. bekk hófu leikinn á íþróttafjöri þar sem þau fóru á kostum í allskyns hoppum og stökkum, kollhnísum og fleiru skemmtilegu. Á eftir var svo hafist handa við leikritið Abbababb.
Æfingaferlið byrjaði í febrúar og lögðu nemendur hart að sér í að læra línur, vera með í persónusköpun og leika saman á sviði.
Afraksturinn fór svo fram á síðasta vetrardegi þar sem nemendur stóðu sig frábærlega og var mikið hlegið og klappað í salnum. Einnig erum við ánægð með hversu margir sáu sér fært í að koma og horfa en talið er að um 270 manns hafi verið í salnum. Á eftir var boðið upp á kaffi í Miðgarði þar sem meðal annars var hægt að fá sér djús, skúffuköku og pítsusnúða útbúið af okkar frábæru matráðum í Varmahlíðarskóla.

Birgitta Sveinsdóttir, Helga Sjöfn Pétursdóttir,
Helga Sigurðardóttir, Hrund Malin Þorgeirsdóttir
og Sara Gísladóttir

Bókasafn Varmahlíðarskóla

Skólaárið 2025 - 2026

Sara Gísladóttir tók við umsjón bókasafnsins haustið 2025 af Lindu Gunnarsdóttur sem hafði séð um það veturinn áður.
Bókasafnið var flutt niður í anddyri skólans veturinn á undan og komið fyrir í herbergi inn af fatahenginu. Þar er takmarkað plássið en reynt að gera það besta úr því. Þegar Sara tók við í haust þá fékk hún Kristínu bókasafnsvörð hjá Héraðsbókasafni Skagfirðinga með sér í lið og fóru þær yfir allan bókakost safnsins og var sumu hent og annað sett í geymslu (sem er kompan inn af stofu 12). Þannig var hægt að losa um á bókasafninu sjálfu og búa til meira pláss fyrir nýjar bækur.
Strax var farið í að kaupa vegghillur frá Ikea og þær hengdar upp til að hafa bækur meira sýnilegar. Einnig var keypt inn mikið af nýjum bókum sem gladdi nemendur mikið. Bókatíðindin voru prentuð út og sett í bekkina þar sem nemendur fengu tækifæri til að merkja við þær bækur sem þeim langaði að fá inn á bókasafnið. Einnig var Sara dugleg að hengja upp myndir af nýjum bókum á lestrarvegg skólans til kynningar. Á jólum og hrekkjavökunni var bókasafnið skreytt og fannst nemendum það mjög skemmtilegt og kynnti það undir áhuga þeirra að koma og skoða safnið. Einnig var Sara í miklum samskiptum við umsjónarkennara með bækur fyrir nemendur og einnig að vera með bækur inni í skólastofunum sem nemendur gætu gluggað í.
Sara var hluti af lestrarteymi skólans sem er mjög mikilvægur grundvöllur fyrir lestrarmenningu skólans. Þar voru viðraðar margar góðar hugmyndir sem munu nýtast okkur á næstu árum. Það væri gaman að geta auglýst meira höfunda til að kveikja áhuga nemenda fyrir öðrum bókakostum.
Sara útbjó stundaskrá sem hún deildi með öllu starfsfólki grunnskólans og leikskólans þar sem kom fram hvenær tíma dags hún væri á bókasafninu, þar sem hún er líka að kenna. Sara var með 9 kennslustundir yfir vikuna tileinkaða bókasafninu og má það ekki minna vera. Keyptar voru inn nýjar bækur fyrir leikskólabörn sem Sara fór með yfir í leikskólann.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Fyrir áramót fór Sara inn í alla bekki með bókakynningar og mæltust þær vel fyrir. Nemendum fannst gaman að fá fræðslu um bækur og bókaflokka.
Nemendur á yngsta og miðstigi nýta bókasafnið mjög mikið en nemendur á unglingastigi nýta það ekki mikið. Það er umhugsunarvert hvernig væri hægt að fá meiri bókaáhuga hjá nemendum á unglingastigi. Það er gríðarlega mikilvægt að vera með jákvæða og opna lestrarmenningu í skólanum og gera lestur að jákvæðu og mikilvægu námsefni. Þar skiptir bókasafnið gríðarlega miklu máli, að geta rætt um bækur við nemendur, hjálpað þeim að finna bækur sem hentar hverjum og einum og tala um bækur.
Bókasafnið var opið fyrir almenning á miðvikudögum kl. 12 - 15 og fimmtudögum kl. 15 - 17 til að byrja með. Miðvikudagsopnunin var lítið sem ekkert nýtt og var ákveðið að hafa þá bara opnun fyrir almenning á fimmtudögum kl. 15 - 17. Var það ágætlega nýtt. Oft komu inn foreldrar sem voru að sækja börn á leikskólann og einnig í frístund.
Búin var til fésbókarsíða bókasafnsins þar sem bókasafnsvörður setti reglulega inn fréttir um opnun og þegar nýjar bækur komu inn.
Það sem vantar helst á safnið er stærra rými. Það væri notalegt að geta boðið nemendum að vera meira á bókasafninu, t.d. í frímínútum þannig að þeir geti notið þess að koma og vera á bókasafninu í friði og ró.
Fjármunir bókasafnsins fyrir árið 2026 eru um 400.000 krónur sem verður nýtt til bókakaupa. Grunnskólinn sér um að kaupa inn bækur fyrir grunnskólabörnin en Héraðsbókasafn Skagfirðinga sér um að kaupa bækur fyrir fullorðna og leikskólabörn.
Bókasafnið verður opið annan hvern fimmtudag í sumar. Sumarlestur verður viðhafður í 1. - 7.bekk.

Sara Gísladóttir
bókasafnsvörður

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var notuð í 1.-5. bekk. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslega textans.

Hvert þema, sem stendur í mislangan tíma, allt frá einni viku upp í ca. þrjár, hófst á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur og námsbækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Fjölbreyttir textar voru notaðir; sögur, ævintýri, þjóðsögur, ljóð og fræðitextar svo eitthvað sé nefnt. Unnið var með stafainnlögn að haustönn, nemendur lærðu að skrifa stafi, unnu með þá í frauðstöfum og með stafaöskju svo eitthvað sé nefnt. Eftir áramót voru allir nemendur farnir að lesa það vel að formlegri stafainnlögn var hætt.

Bókin sem unnið var með hverju sinni, var ýmist lesin í heild í byrjun viku eða lesin í bútum alla vikuna. Ýmiskonar verkefnavinna með textann tók svo við s.s. spil, krossgátur, stafasúpur, orðasúpur, sóknarskrift eða paraskrift. Stundum var unnin stöðvavinna en einnig var unnið í hópum, pörum eða einstaklingslega. Í lok þemavinnu unnu nemendur lokaverkefni t.d. leikrit, söguveg, bók í Book Creator, Canva, veggspjöld, margvísleg myndverk og þar fram eftir götunum. Lögð var áhersla á sköpun og úrvinnslu textans. Þá gafst nemendum tækifæri að sýna hvað þeir höfðu lært. Bók vikunnar var samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði og þá unnum við gjarnan með hana í tvær vikur samfellt.

Oft voru markmið í verkgreinum tengd vinnu Byrjendalæsis en þá tengdist það listsköpun nemenda í lokaverkefnum tengdum bók vikunnar. Nemendur unnu í hefðbundnum vinnubókum samhliða Byrjendalæsi. Nokkuð var um stór sameiginleg hópverkefni, þar sem afraksturinn var veggspjald eða eitthvað annað sýnilegt. Samhliða Byrjendalæsisvinnu á yngsta stigi, var unnið með almenn málfræðiatriði, stafsetningu og skrift.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Nemendur lásu í heimalestrarbókum alla virka daga. Við nýttum okkur skráningarforritið Læsi, þar sem bæði heimalestur og skólalestur var skráður. Heimavinna nemenda var aðallega í formi lesturs en einnig var einhver ritun samhliða, orðavinna og sögugerð. Annað heimanám var lítið en tilfallandi.

Ekki var annað að sjá en að nemendur hefðu gaman af Byrjendalæsi og þeim vinnubrögðum sem þar er beitt.

Birgitta Sveinsdóttir, Helga Sjöfn Pétursdóttir og Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Keflavíkur þann 17. maí og komið aftur til Keflavíkur þann 21. maí.

Með í för ásamt 10. bekkingum, 13 talsins, voru Ólafur Atli Sindrason umsjónarkennari og Kristvina Gísladóttir, aðstoðarskólastjóri.

Að áliðnum sunnudegi þann 17 . maí var svo haldið til Aurora hótels í Njarðvík og gengið þar til náða. Að morgni mánudagsins var síðan haldið fótgangandi á flugvöllinn.

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með miklum dugnaði og góðu skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna og samfélagsins alls, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nærsamfélagsins. Flogið var út með Icelandair.

Gist var á Cabinn Copenhagen hóteli í nokkru röltfæri við aðalbrautarstöðina. Að sumu leyti kemur það ekki að sök þar sem finna má strætó (17 A) sem gekk frá hótelinu og að Tívolíinu en einnig var þetta ekki nema rétt um kílómetra gangur. Aðstaðan á hótelinu var góð, herbergin nokkuð rúmgóð og góður morgunmatur. Gott væri þó að skoða næsta hvort frekar sé laust á Cabinn City eða öðru hóteli, þar sem að staðsetningin er þægilegri og umfangið minna.

Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Experimentarium, Ripley‘s (furðusafnið), Sívala turninn ofl.. Einnig var farið í síkjasiglingu, Tívolí og Bakken, Fields verslunarmiðstöð ásamt veitingahúsum að ógleymdu Strikinu.

Ferðin þótti takast mjög vel og voru nemendur og kennarar mjög ánægðir þegar heim var komið - um kl. 18.20 þann 21. maí. Það var þreyttur en nokkuð sáttur hópur sem skilaði sér heim í Skagafjörð uppúr miðnætti þann 21. maí. (22.)

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Þó svo að flestir nemendur hafi ferðast til útlanda og séu vanir ferðalögum er alltaf gaman að ferðast í góðum hópi undir leiðsögn staðkunnugra. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á.

Ólafur Atli Sindrason og Kristvina Gísladóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Félagsmál veturinn 2025-2026

Stjórn nemendaráðs skipa:
Sigurbjörg Inga, Rakel, Friðrik, Ingibjörg, Kolbrá, Emma, Hrólfur, Jón Karl, (Pétur og Eyjólfur - 6. bekk)

25. september - Fyrstu félagsmál vetrarins voru haldin. 32 nemendur voru mættir en dagskráin var haldin í íþróttahúsinu þar sem keppt var í óhefðbundnum íþróttum. Hobby horsing, boccia, zombie-leikur og þrautabraut urðu fyrir valinu og voru nemendur mjög áhugasamir að taka þátt og stigu mörg hver vel út fyrir þægindarammann. Þessi viðburður heppnaðist vel og var heimferð kl. 18:00.

9. október - Komið var að fyrsta diskó-degi vetrarins. 41 nemandi var skráður til leiks og hófst dagskráin í skólanum þar sem nemendur gátu valið hvort þeir væru inni í skóla að spila borðtennis, þythokkí eða horfa á mynd. Í íþróttahúsinu var dodgeball keppni á milli bekkja sem tókst vel upp. Að því loknu tóku nemendur sig til áður en haldið var í Olís þar sem borðaður var hamborgari og franskar, enda mikilvægt að næra sig vel fyrir komandi átök á dansgólfinu. Diskótekið sjálft hófst kl. 19 og stóð til kl. 20:30, mjög mikið fjör og flestir mjög duglegir að dansa.

30. október - Þemað fyrir þessi félagsmál var hrekkjavakan en 45 nemendur mættu til leiks - byrjuðum á hrekkjavöku kahoot leik og skiptum svo í lið fyrir hryllilega graskers-útskurðar-keppni. Nemendur voru 5-6 í hóp og þurftu að nota hugmyndaflugið til að vera með sem frumlegasta útskurðinn. Mörg afar flott grasker litu dagsins ljós og voru graskerin notuð til að skreyta forstofuna að morgni hrekkjavökunnar daginn eftir. Félagsmálin enduðu á felu/eltingaleik í myrkri þar sem nemendur földu sig víðsvegar um skólann, mikið fjör og mikil læti. Heimferð kl. 18.

3. desember - Heimsókn í félagsmál Grunnskólans austan vatna. 42 nemendur voru mættir, farið var af stað með rútu í Hofsós þar sem boðið var upp á ýmsa afþreyingu, t.d. borðtennis, fótboltaspil og billiard, sund og fótbolta úti á velli. Haldnir voru féló-leikar þar sem nemendur öttu kappi í allskonar þrautum, endað var á tortilla veislu og diskóteki. Heimferð kl. 20:00 í glerhálku en blíðskaparveðri.

8. janúar - Fyrstu félagsmál ársins en 43 nemendur voru skráðir. Byrjuðum á kahoot í setustofunni til kl. 16, þá var haldið í íþróttahúsið þar sem nemendur höfðu val um að fara í sund eða taka þátt í paint-ball móti í salnum. Mikið fjör en krakkarnir voru þó þreytt eftir langa æfingadaga fyrir árshátíðarsýningu sem fór fram í vikunni þar á eftir.

Eyrún Sævarsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

12.febrúar voru félagsmál í íþróttahúsi og í skóla til klukkan 18:00. Rúmlega 40 nemendur tóku þátt í dagskránni og sem var sú síðasta á þessum vetri. Reynt var í tvö önnur skipti en þar hamlaði veður.

Á dagskrá var stórhátíð í Miðgarði 22.apríl. Þar átti afmælishátíð skólans að vera að deginum og ball fyrir unglinga af Norðurlandi um kvöldið. Vatnsleki í skólanum breytti aðstæðum og var því ekki hægt að undirbúa afmælishátíð en ballið var áfram á dagskrá. Þegar dagurinn færðist nær dró úr þátttöku og eftir því sem þátttökuskólum fækkaði dró úr möguleikum á að halda ballið og var það að lokum slegið af og varð því ekkert af þessari hátíð.

Aðrir viðburðir sem falla undir þennan lið en voru á vegum Húss frítímans

Hrekkjavökuball á Hofsósi 14.nóvember

Söngkeppni Friðar og ball á eftir í Miðgarði 12.desember

Árshátíð Friðar sem haldin var í Ljósheimum 29.maí

Frístund veturinn 2025–2026

Skráningar og opnun

Frístund var opin fyrir skráningar barna í 1. - 4. bekk Varmahlíðarskóla.
Frístund var opin frá skólalokum alla daga vikunnar og til 16:15.

Frístund byrjaði með sér skráningu alla dagana í ágúst frá 19. ágúst þar sem aðeins einn dagur var ekki skertur. Einnig var opið í Frístund 29. ágúst þegar Haustþing KSNV var. Það er eitthvað sem þarf að endurskoða þar sem þetta er Haustþing starfsfólks og mikilvægt að hvetja allt starfsfólk til að taka þátt í þeim degi.

Aðstaða og skipulag

Frístund var staðsett á þriðjuhæð til móts við Kennararými, og var það í kjölfarið af því að 5 ára deildin var þar. Mest voru skráð 29 börn í Frístund og því var það rými frekar þröngt fyrir okkur, en gerðum gott úr þessum aðstæðum okkar og þegar flest börn voru skráð sem voru þriðjudagar reyndum við að dreifa okkur um skólann, gátum nýtt setustofuna mikið og einnig mikið úti ef mönnun var í lagi.
Dagana fyrir haustfrí lak í skólanum og þurfti því að breyta aðstöðu Frístundar vegna viðgerða á hæðinni, færðum við okkur því niður á gamla bókasafnið við endann á annarri hæð þar Frístund var áður. Það rými hentar mögulega betur vegna fjölda skráðra barna.

Frístundar starfsfólk sá almennt um frágang í kaffitímum ef mönnun var í lagi nema á föstudögum þá sá eldhússtarfsmaður um frágang.

Afþreying og utanumhald

Ýmis afþreying eða íþróttir hafa verið á Frístundatímum í vetur og hefur það verið þó nokkuð púsl fyrir starfsfólk að fylgja eftir. Við höfum reynt að skipuleggja kaffitímana þannig að þau sem eru að fara á æfingar fara fyrr í kaffi og hefur Forfallaskjalið verið notað í skráningar og utanumhald yfir æfingatíma hjá hverjum og einum, einnig fyrir skráningar hvort börn séu ekki í frístund vissa daga, skráning hvort börnin séu komin og einnig skráning þegar þau eru farin heim.

Þetta form hefur komið sér vel þar sem fjölgun barna í Frístund hefur verið síðustu tvö ár og gott að hafa skráningu sem er í lifandi skjali og allir í húsinu eru þá meðvitaðir um hverjir eru í Frístund hvaða daga og hver dagskráin er.

Sérskráningardagar

Sérskráningardagar voru nokkrir yfir árið og miðast skráning núna við lágmarksfjölda: 8 börn.

Samantekt

Veturinn hefur almennt gengið vel og starfsfólk sem og nemendur dugleg að finna upp á einhverju nýju og spennandi til að gera. T.d. allskonar perl, steinaperl, armbönd og perlufígúrur sem voru settar á lyklakippur og framleiddar í tonnavís.

Fyrir hönd starfsfólks Frístundar

Anna Lilja Guðmundsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta samstarfsverkefni hefur verið með svipuðu sniði milli skólanna í allmörg ár og hefur gengið mjög vel. Allir bekkir skólans fóru í heimsókn í leikskólann. Þar var leikið, lesið og sungið.

Í vetur voru 15 börn í skólahópi Birkilundar og 7 nemendur í 1. bekk Varmahlíðarskóla sem tóku þátt í samstarfinu. Frá Birkilundi tóku tveir kennarar þátt í starfinu, Sigurbjörg Egilsdóttir og Linda Björnsdóttir. Birgitta og Helga Sjöfn umsjónarkennarar 1. - 3. bekkjar sáu um undirbúning þessara samverutíma. Fundað var að hausti og lagðar línur fyrir veturinn en síðan höfðu þær samráð sín á milli, yfirleitt með tölvusamskiptum daginn fyrir hitting. Þá var oftast hægt að skipuleggja útiveru og annað með tilliti til veðurspár og annarra aðstæðna. Það var farið saman í gönguferðir, frjálsan leik, spilað, lesnar bækur og leikið í frístund.

Markmiðið með Gaman saman samstarfsverkefninu er að halda félagslegu tengslunum milli nemendahópa skólanna, í ljósi teymis- og samkennslu í Varmahlíðarskóla.

Í nóvember 2025 flutti leikskólinn í nýtt húsnæði við hlið Varmahlíðarskóla. Þar sem skólarnir eru nú í sambyggðum húsum með tengibyggingu, auðveldar það mjög öll samskipti og samveru.

Fastur samverutími Gaman-saman var á miðvikudögum kl. 9:55. Að þessu sinni var ein kennslustund fest í töflu en oft voru samverustundir þó lengri, þar sem rými var til þess í stundatöflu. Samveran var til skiptis í grunnskólanum eða leikskólanum, allt fram til þess tíma að það varð vatnstjón í grunnskólanum. Eftir það voru flestar samverustundir í Birkilundi eða úti. Hópurinn prófaði að vinna með forrit í spjaldtölvum, ýmis konar stöðvavinnu, gerðum tilraunir, héldum upp á hrekkjavökuna saman, fórum í jóga, föndruðum og lékum okkar saman inni og úti.

Skólahóp var boðið að vera með á ýmsum uppbrotsdögum í Varmahlíðarskóla, s.s. árshátíð yngsta- og miðstigs, öskudaginn og hrekkjavökunni.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Farið var með skólahópinn í sund með 8. og 9. bekk sem og með 1. bekk. Annars voru ekki íþróttatímar inni í þessu samstarfi í vetur. Okkur þykir mikilvægt að skólahópur fái að kynnast því að fara í gegnum íþróttaklefana, klæða sig í sund/íþróttaföt og vera með í þessum námsgreinum með 1. bekk.

Nemendur allra bekkjar grunnskólans fóru í heimsóknir til skólahóps barna og fengu þau að sama skapi í heimsókn til sín. Þannig fór skólahópurinn í heimsókn til alla bekkja grunnskólans og vann það að ýmsum verkefnum.

Við teljum að þetta verkefni hafi gengið mjög vel og hefur mikil gleði fylgt samverunni í vetur.

Birgitta Sveinsdóttir og Helga Sjöfn Pétursdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Heilsueflandi grunnskóli

Um langt árabil hefur verið unnið að því leynt og ljóst að efla líkamlega og andlega heilsu nemenda og starfsfólks skólans. Með sameiginlegu átaki hefur tekist að fá alla til þess að huga allvel að mataræði sínu og hefur gott fordæmi verið sett við skólann með því að hafa fjölbreytilegt fæði sem teljast má hollt og gott. Þó að fæði skipti máli má ekki gleyma því að annað getur haft áhrif á heilsuna og má þar helst nefna hreyfingu og mannleg samskipti.

Í heilsueflandi teymi skólans árið 2025-2026 voru Lína, Unnur Erla, Hrefna, María, Anna Lilja og Þorbjörg. Fyrir hönd nemenda voru Jón Karl, Sigurbjörng Inga og Rakel og fyrir hönd nærsamfélagsins var Bryndís Bjarnadóttir. Kennarar í teyminu funduðu oftast saman og var fundur með stóra teyminu einungis einu sinni 18. nóv. Þar sem farið var yfir dagskrá vetrarins.

Í daglegu starfi urðu nemendur helst varir við starf teymisins á haustdögum, en þá var boðið upp á árlega hreyfidaga með margháttuðum leikjum og æfingum. Dagarnir voru þrír í ár, tveir af þeim voru fram að hádegi. Fyrsta daginn var í gönguferð að Grófargilsá, þar sem var sullað í ánni og grillaðar pylsur. Næsta dag var nemendum skipt eftir árgöngum og fóru allir á þrjár stöðvar, sund, leikir og glíma. Nemendur í 9. og 10. bekkur gengu þessa daga í Hildarsel og voru því ekki með. Síðasti dagurinn var langur en þá var dagskráin á Sauðárkróki; píla, jódó, sund og karfa. Borðað var kalt pasta í Litlaskógi sem við tókum með okkur úr Varmahlíðarskóla.

Skólahlaupið var farið þriðjudaginn 23. september í ágætis veðri. Þeir sem fóru 10 km hlupu að Skörðugili. Allir enduðu síðan í sundi.

Í nóvember fengum við fyrirlestur fyrir nemendur í 6. - 10. bekk og fyrir starfsfólk frá Sjálfsaga þar sem talað var um hreyfingu, svefn, heilbrigði og hvernig á að byggja upp sjálfsmynd og að takast á við streitu og mótlæti.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Dansnámskeið var haldið í desemberbyrjun sem endaði með sýningu í íþróttahúsi fyrir foreldra.

Mílan var farin tvisvar í vetur, annað skiptið inn í Þuríðarlund og seinna skiptið voru jólaljósin skoðuð í Varmahlíð.

Farið var í rökkurgöngu í Glaumbæ, þar sem starfsfólk tók á móti okkur. Hverjum hóp var skipt á þrjá mismuanndi staði; saga í baðstofu, kertagerð úr tólg í eldhúsi og piparkökuskreytingar og kakó í Áshúsi. Fyrsti hópur fór frá skólanum strax í skólabyrjun og var seinasti hópurinn kominn til baka fyrir hádegismat.

Tvívegis var skipulögð hreyfing fyrir starfsfólk, ganga og samvera í íþróttahúsi.

Á vordögum skipulögðum við með hjálp frá Helgu Rós, Helgu Þorbjörgu og Önnu Lilju hreyfidag miðvikudaginn 27. maí. Fimm stöðvar voru í boði; spil, sund, vinaliðaleikir, Zippline og loftboltar. Nemendur fóru á fjórar stöðvar á miðvikudeginum en fimmta stöðin var daginn eftir.

Heilsueflandi hópurinn fékk styrk frá Lýðheilsusjóði upp á 300.000 fyrir verkefnið Hreyfidaga að hausti og vori sem mun nýtast vel næsta haust.

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir
Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur febrúar 2026

Undanfarin ár hafa 1. árs nemar á hestabraut á Hólum í Hjaltadal boðið nemendum í 9. bekk að koma á námskeið hjá sér - heima á Hólum. Þetta verkefni er hluti af lokaverkefni 1. árs nema og óhætt er að segja að framtakið sé til mikillar fyrirmyndar þar sem metnaður, umhyggja, þolinmæði og áhugi eru í fyrirrúmi.

Nemendur dvöldu að þessu sinni frá miðvikudegi til föstudags frá 9:00 að morgni til 15:00 nema á föstudegi til kl. 13. Nemendur þurftu að vera búnir að borða morgunmat áður en þeir komu í skólann svo hægt væri að leggja strax af stað og ná að Hólum fyrir kl. 9.00 en fengu síðan hádegismat í boði Hólaskóla sem var í aflögðu mötuneyti Hólaskóla.

Nemendum var skipt í hópa eftir kunnáttu og getu á sviði hestamennsku. Verkefnin voru margvísleg, bæði verkleg og bókleg. Einn kennari fylgdi hópnum hvern dag.

Skipulag og fyrirkomulag er til fyrirmyndar og flestir ef ekki allir nemendur hafa verið ánægðir með þessa daga.

Ólafur Atli Sindrason

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2025-2026 var námsráðgjafi í 100% starfi við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara og sat teymisfundi þar sem við átti, auk þess sem hann sat nemendaverndarráðsfundi. Í vetur voru nemendur 6. - 10. bekkjar með einn tíma í stundatöflu sem bar heitið námstækni, sem námsráðgjafi kenndi.

Nemendur 10. bekkjar fóru í heimsókn í FNV ásamt öðrum 10. bekkingum í Skagafirði, skoðuðu skólann, heimavistina, borðuðu mat í mötuneytinu og enduðu á því að fara á stórskemmtilega leiksýningu nemendafélagsins. Kynningarfundur var haldinn í samstarfi við FNV þar sem að fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans. Einnig fóru nemendur 8.-10. bekkjar í heimsóknir í VMA og MA, sem og að skoða heimavist skólanna. Þá fóru nemendur í 10. bekk í starfskynningar í vetur en þá gátu nemendur kynnt sér tvö fyrirtæki eða starfsgreinar. Tókust þær kynningar afar vel og voru nemendur mjög ánægðir með þessa daga.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Öryggisráð 25/26

Öryggisráð kom saman á vordögum þar sem ekki vannst tími til fastra fundarhalda í vetur vegna anna en fylgst var með því sem betur mátti fara og það yfirfarið og lagað. Ekki vannst tími fyrir brunaæfingu v/ framkvæmda þar sem varð mikið vatnstjón á helmingi skólans og brunakerfið óvirkt og er ekki öruggt þar sem stöðin er ekki fullfrágengin. Það verður lagað í sumar. Atvikaskráningar voru í okkar höndum í vetur en öllu starfsfólki var kennt að fylla út atvikaskráningu. Flóttaleið úr félagsaðstöðu er ekki fullnægjandi, einnig úr Hulduheimum og í vestur á efstu hæð. Einnig er flóttaleið austur úr smíðastofu ekki fullnægjandi yfir vetrartímann, snjór getur lokað leiðinni. Aldrei varð af brunaæfingu eftir áramót sem er alls ekki nógu gott, það verður að vera eitt af fyrstu verkefnum haustsins einnig að kynna fyrir öllu starfsfólki flóttaleiðir og staðsetningu slökkvitækja, brunakerfið. Einnig að fara í bekki í haust með kynningu. Slökkvitæki yfirfarin. Þurfum meira samtal með stjórnendum t.d. fund 1x á önn.

Guðmundur Magnússon
Helga Þ Hjálmarsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Skólabúðirnar að Reykjum

Nemendur 7.bekkjar fór í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði í fyrsta sinn dagana 29. september - 2. október.
Nemendur í Grunnskólanum Austan Vatna sameinuðust í rútu með nemendum 7. bekkjar og umsjónarkennara þeirra.

Nemendum var skipt í hópa og unnu þeir að ýmsum verkefnum sem höfðu þau markmið að efla sjálfstraust og einnig var unnið mikið með hópefli. Hópavinna fór bæði fram inni og úti, farið var í ýmsa leiki, gönguferðir og útileiki.

Reglur eru strangar á Reykjum og gekk nemendum vel að fylgja þeim eftir.

Nemendur voru ýmist þrír eða fleiri saman á herbergi. Nemendur og starfsfólk hjálpuðust að við skömmtun á mat og einnig við frágang. Kennarar báru ábyrgð á sínum hópum á kvöldin.

Skólinn tók þátt í kostnaði fyrir dvölinni og voru allir nemendur sammála um að dvölin hefði verið vel heppnuð og langaði í raun ekki aftur til baka í hversdagslegt skólalífið!

Helga Sigurðardóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Skólaferðalag 1. - 3. bekkjar

Mánudaginn 18. maí héldu nemendur 1. - 3. bekkjar af stað í skólaferðalagið sitt. Að þessu sinni voru það 28 nemendur ásamt umsjónarkennurum og tveimur stuðningsfulltrúum sem ferðuðust saman. Nemendur mættu galvaskir í skólann þennan blíðviðris dag. Fyrst komu allir saman í skólastofunni, þar sem tekið var manntal og farið yfir dagskrá dagsins. Þá fengum við okkur staðgóðan morgunverð áður en haldið var af stað. Leið okkar lá til Sauðárkróks. Farið var frá Varmahlíð kl. 9:00. Fyrsti viðkomustaður var skólalóðin við Árskóla. Þar var nú heldur betur tekið vel á móti okkur. Kennarar og nemendur á yngsta stigi Árskóla höfðu undirbúið komu okkar. Við fengum leiðsögn um skólalóðina og börnin tóku okkar nemendur að sér í leik. Eftir um það bil hálftíma leik þökkuðum við fyrir okkur og gengum upp í Litla skóg. Þar sem veðrið var dásamlegt, léku börnin frjálst, fóru að vaða og léku með ýmis leikföng sem gripin voru með í ferðina. Í Litla skógi nýttum við okkur aðstöðuna og fengum nesti í aðstöðuhúsinu. Næst gengum í sundlaugina þar sem hægt var að njóta sólar og sælu í u.þ.b. klukkustund. Hádegismatinn fengum við á Kaffi Krók, en það var pizzuhlaðborð með öllu tilheyrandi, gosi, frönskum og sósu. Mikil gleði var með þessa góðu máltíð. Rútan beið okkar eftir hádegisverðinn. Á heimleiðinni var stoppað við aparóluna og leikvöllinn í Túnahverfinu og tekin góð leikstund þar. Við vorum komin heim í Varmahlíð þegar skóladegi lauk kl. 14:50. Voru börnin glöð og afar ánægð með ferðina.

Birgitta Sveinsdóttir og Helga Sjöfn Pétursdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Föstudaginn 22. maí fóru nemendur 6. og 7. bekkjar í skólaferðalag. Byrjað var í Kakalaskála þar sem nemendur fengu tækifæri til að sjá listasýningu og hlusta í leiðinni á Sturlungasögu. Síðan var gengið niður að grjótlistaverki sem Sigurður Hansen í Kringlumýri lét gera um Haugsnesbardaga. Þetta var mjög áhugavert og fengu nemendur og starfsfólk frábærar móttökur hjá Maríu og Sigurði. Eftir þá heimsókn var ekið sem leið lá út Blönduhlíð, yfir Hegranesið og stoppað á Sauðárkróki. Þar fóru nemendur í sjoppuleiðangur í Bláfell, nutu góða veðursins í sundlauginni á Sauðárkróki og enduðu á pítsuhlaðborði á Hótel Varmahlíð þar sem Unnur staðarhaldari framreiddi dásemdar pítsur handa þeim. Frábær dagur þar sem veðrið lék við hvern sinn fingur.

Sara Gísladóttir, Helga Sigurðardóttir og Þóra Emilía Ólafsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Skólahreysti 2025-2026

Í vetur var kennd Skólahreysti í valtímum eins og fyrri ár, mjög góð þátttaka er í valinu og mikill áhugi hjá nemendum að spreyta sig í ýmsum þrautum en auk skólahreystiþrautanna eru æfðar ýmsar þol- og styrktaræfingar. Liðið til að keppa fyrir hönd Varmahlíðarskóla árið 2026 var svo valið með ýmsum tímatökum og útreikningum en það fór svo að Fjölnir Þeyr Marinósson og Erna María Guðmundsdóttir urðu hlutskörpust í hraðabrautinni og Sigurbjörg Inga Sigfúsdóttir og Haraldur Hjalti L. Bjarnason voru fulltrúar okkar í hreystiþrautum. Edda Einarsdóttir og Friðrik Logi Haukstein fóru sem varamenn. Lagt var af stað í undankeppnina á Akureyri þann 29.apríl og fóru nemendur 7.-10 bekk með sem stuðningslið og voru grænklædd líkt og fyrri ár. Liðinu gekk mjög vel í undankeppninni sem sýnd var í beinni útsendingu og þegar úrslit voru kveðin upp höfnuðum við í 2.sæti. Eftir undankeppnina á Akureyri fengum við sendar pizzur á efri hæð íþróttahússins frá Sprettinum áður en haldið var heim. Þegar kynnt var um miðjan maí hvaða 5 skólar kæmust áfram í úrslitin með sigurvegurum riðlanna vorum við ekki í þeim hópi sem var að sjálfsögðu svekkelsi þar sem markið er alltaf sett hátt og nemendum finnst það nánast orðin regla að við förum í úrslitin líkt og undanfarin 9 ár. Nemendur í Skólahreysti eru samviskusamir að leggja sig alla fram með gleði og seiglu að vopni og aðrir bekkir fengu einnig að reyna sig við þrautirnar reglulega og virðist áhugi vera almennur í skólanum.

Sigurlína Einarsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Skólaráð

Skólaráð starfaði sem undanfarin ár við skólann. Eftirtaldir sátu í ráðinu: Trostan Agnarsson, Helga Rós Sigfúsdóttir, María Einarsdóttir, Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, Friðrik Logi Haukstein Knútsson, Jón Karl Brynjarsson, Birna Valdimarsdóttir , Gunnar Sigurðsson, Íris Olga Lúðvíksdóttir og Kristvina Gísladóttir.

Ráðið fundaði fjórum sinnum á árinu til þess að fara yfir ýmis málefni skólasamfélagsins. Alls voru áætlaðir 7 fundir, en sú áætlun fór úr skorðum vegna leka sem varð í skólanum í febrúar.
Fyrsta verk ráðsins að hausti er að fara yfir starfsáætlun og helstu tölur um nemendafjölda, fjölda í frístund og möguleika á tómstundastarfi. Auk þess var rætt um tæknina og nýtingu gervigreindar í skólastarfi og loks um kosti og galla einkunnakerfa.
Á næsta fundi var rætt um endurskoðun menntastefnu Skagafjarðar og tengingu hennar við menntastefnu Íslands til ársins 2030.
Á þriðja fundi skólaársins var rætt um innleiðingu nýuppfærðs greinasviðs, breytingartillaga á skóladagatalii samþykkt og í framhaldi rætt um vordagana og tengsl skólans við nærsamfélagið.
Á fjórða fundi var skóladagatal ársins 2026-2027 lagt fram og samþykkt. Einnig var farið í skoðunarferð um skólann til þess að kanna sjá framkvæmdir og dást að þeirri breytingu sem verður þegar búið er að lagfæra kennslustofur.
Fundargerðir skólaráðs má nálgast á heimasíðu Varmahlíðarskóla.

Trostan Agnarsson

Upplestrarhátíð 7. bekkjar

Upplestrarhátíð 7. bekkjar skólaárið 2025 - 2026 var með öðru sniði en verið hefur. Undirbúningur hófst þó þegar nemendur lásu ljóð á samkomu Kammerkórsins á Löngumýri á degi íslenskar tungu, 16. nóvember.
Undirbúningur fyrir stóru keppnina hófst í janúar en þá kom í ljós að enginn aðili var til þess að sjá um lokakeppnina.
Nemendur héldu þó ótrauðir áfram að æfa og buðu foreldrum á upplestrarhátíð 24. mars. Nemendur, foreldrar og umsjónarkennari voru sammála um að þessi stund var sérstaklega notaleg en eftir upplesturinn voru veitingar, pizza, gos og sætindi.

Helga Sigurðardóttir

Litla upplestrarkeppnin 2026

Strax að árshátíð lokinni var farið að æfa fyrir Litlu upplestrarkeppnina. Markmið keppninnar er að bæta árangur í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu og lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni í samvinnu við foreldra og má með sanni segja að nemendur og foreldrar/forsjáraðilar 4. bekkjar hafi uppfyllt þau markmið.
Umsjónarkennari hélt utan um æfingar en lögð var rík áhersla á að nemendur æfðu sig heima. Æft var í skóla daglega, og þrátt fyrir að skíðaferð nemenda hafi haft áhrif á æfingar, þá small þetta saman á endanum.

Nemendur fengu um það að segja hversu mikið hver og einn myndi lesa, þótt allir þyrftu að lesa eitthvað.

Hátíðin var síðan haldin í setustofu Varmahlíðarskóla 7. maí. Höfðu nemendur 4.-5. bekkjar einnig undirbúið veitingar í heimilisfræði þann daginn svo gestir gátu gætt sér á góðu nýbökuðu bakkelsi, kaffi og safa eftir upplesturinn. Allir nemendur stóðu sig prýðilega og gekk hátíðin vel.

Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Valgreinar

Eins og fram kemur í aðalnámskrá er tilgangur með valgreinum sá að gefa nemendum færi á því að sökkva sér í hugðarefni sín, að víkka sjóndeildarhringinn og að búa sig undir frekara nám. Gert er ráð fyrir að námið geti verið jafnt bóklegt sem verklegt og á að hafa jafnvægi á framboði. Vitaskuld getur hópastærð valið því hvort unnt er að bjóða upp á valgrein og einnig stýrir áhugi nemenda því að nokkru leyti hvað er í boði. Tíma sem ætlaður er til valgreina má einnig nýta til þess að stunda nám á framhaldsskólastigi en einnig má telja tónlistarnám, þátttöku í íþróttastarfi og starfsnám til valgreina.
Hver nemandi valdi þrjár greinar
Þær greinar sem kenndar voru í vetur voru eftirfarandi:

Haustönn:

Almenn matreiðsla
Árshátíð
Hönnun og smíði
Kvikmyndir og þættir
Málmsmíði
Skólahreysti
Leikir og spil
Stíll

Vorönn:

Heimilisfræði
Hár, húð og förðun
Landbúnaður
Listasmiðja
Málmsmíði
Skólahreysti
Leirvinna
Fiðringur

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Vorferð 4.-5. bekkjar

Fimmtudaginn 21. maí var farið í vorferð 4.-5. bekkjar. Dagana á undan var nemendum skipt í fjóra hópa og allir fengu úthlutað ratleikja-blað með ýmsum verkefnum sem þurfti að leysa. Stig voru gefin fyrir þrautirnar og þær hugsaðar sem hópefli. Á ferðadaginn sjálfan var farið hjólandi í Krithólsskóg eftir morgunmat. Þar var farið í ýmsa leiki, bæði skipulagða og frjálsa. Veðrið var gott og andrúmsloftið létt.

Guðmundur húsvörður kom og grillaði hamborgara handa öllum.

Eftir hádegismat var hjólað lengra inn í skóginn og gengið yfir tún, þar var á sem nemendur fengu að svamla og leika sér í. Allflestir skiptu yfir í sundföt þrátt fyrir fremur lágt hitastig árinnar að mati kennara. Allir skemmtu sér konunglega.

Að busli loknu var hjólað í Olís í Varmahlíð og þar fengu allir ís. Þar var stigahæsti sigurhópurinn tilkynntur og fengu þeir nemendur gjafabréf í ís á Olís. Deginum lauk í sundlauginni í Varmahlíð.

Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2026

Skólaferðalag 8. - 9. bekkjar

Að þessu sinni var ákveðið strax á haustdögum að ráðast í smá fjáröflun með 8. og 9. bekk og stefna á leikhúsferð til Reykjavíkur á vordögum. Í nóvember seldu þessir bekkir egg í bílförmum og náðu þannig að safna sér ekki bara fyrir leikhúsi heldur einnig ýmiskonar annarri afþreyingu.

Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla eftir morgunmat fimmtudaginn 7. maí. Fyrsta pissustopp var í Staðarskála en þaðan var svo ekið í svokallaðan Daníelslund skammt frá Hreðavatni, þar sem borðaður var hádegismatur, grillaðar pylsur og meðlæti. Þaðan var ekið í Lækjarbotna, farangri komið fyrir inni í skála og allir völdu sér svefnstað. Þá var ekið til Mosfellsbæjar og farið í sund í Lágafellslaug; prýðileg laug með rennibrautum og heitum pottum, gufum og sánum við allra hæfi.

Eftir sundið græjuðu allir sig fyrir leikhús, fóru í fínni föt og tilheyrandi. Eftir það var ekið sem leið lá í Kringluna, nemendur fengu frjálsan tíma og borðað var saman á Kúmen. Um klukkan 19.30 var komið að stóru stundinni. Moulin Rouge í Borgarleikhúsinu! Fyrst þurfti að mynda liðið í bak og fyrir í myndakassa með bakgrunni úr leikritinu, sem og að kaupa sér drykki og góðgæti. Setið var aftast í salnum, sem kom ekki að sök því allir sáu vel á sviðið og skemmtu sér konunglega.

Eftir leikhúsið fórum við í Lækjarbotna, en þar sem að fólk var mjög hátt uppi eftir leikhús var farið óþarflega seint að sofa.

Á föstudagsmorgninum var vaknað upp úr kl. 8, tekið sig til, borðaður morgunmatur og gengið frá. Við vorum komin út úr húsi um klukkan 9.30. Fyrsta stopp þennan daginn var Volcano express sem var mjög skemmtileg upplifun. Í beinu framhaldi voru Hljóðheimar skoðaðir, en því miður gátum við ekki skoðað Hörpuna vegna einkasamkvæmis.

Þar á eftir lá leiðin í Skopp, þar sem við skoppuðum í klukkutíma og fengum svo pizzahlaðborð. Athugið að ef aftur er farið í Skopp ætti að

taka hádegismat annarsstaðar þar sem að maturinn var ekki nægilegur fyrir hópinn. Eftir mikið skopp var síðasti dagskrárliður Skemmtigarðurinn í Gufunesi, en þar fórum við í lasertag í tvo tíma. Það tókst mjög vel og allir skemmtu sér vel, en tíminn var óþarflega langur.

Þar sem að allir náðu ekki að borða nægu sína í hádeginu var stoppað á planinu við KFC í Mosó þar sem nemendur gátu fengið sér að borða á ýmsum stöðum (ísbúðin Huppa, subway, KFC, Krónan o.fl.). Hluti af nemendum 9. bekkjar urðu eftir við íþróttamiðstöðina við Varmá þar sem að þeir voru á leiðinni á Samfés, en félagsmiðstöðin Friður tók á móti þeim þar.

Heimkoma með stoppi í Staðarskála um kl. 21.
Mælt var að ferðin hefði í alla staði tekist með ágætum - og mælum við með því að þessir bekkir verði með fjáröflun fyrir samskonar ferð næstu ár.

Helga Rós Sigfúsdóttir, Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir og Helga Þorbjörg Hjálmarsdóttir